



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

4 tbl. 2002, - 12 árg.

Júni 2002

Þjóðhátíðarskemmtun félagsins

17. júní hátíðin verður að þessu sinni haldin 15. júní á tjaldsvæðinu (Camping) í Godbrange en ekki í Muensbach eins og áður var auglýst.

Hátíðin hefst með skrudgöngu við undirleik skólahljómsveitar Grafarvogs. Gangan hefst kl. 14:00 og verður marserað stuttan spöl frá skálanum að veislusvæðinu. Seldar verða íslenskar SS pylsur, grillað lambakjöt, íslenskt sælgæti og prins póló beint frá Póllandi. Ef það dugar ekki til verður þýskum pylsum og kjöti bætt á grillið. Einnig verður hægt að fá flest

alla drykki á staðnum óafenga sem og afenga.

Börnin úr Íslendingaskólanum munu syngja 3 lög.

Á svæðinu verður leikvöllur, lítill fótboltavöllur, hoppukastali, og tvö stór veislutjöld, borð og stólar fyrir um 160 manns.

Farið verður í leiki, kveiktur varðeldur, sungið og dansað. Það tónlistarfólk sem kann að spila á meðfærileg hljóðfæri t.d. gítar, munnhörpur, harmonikkur o.s.frv. er vinsamlegast beiðið að taka þau með sér.

Mætum snemma með krakkana til að taka þátt. Næg bilastæði á tjaldsvæðinu.

Við vonumst til að sjá sem flesta, í sólskinsskapi að sjálfsögðu.

Einnig er hægt að tjalda á svæðinu og eru þegar nokkrir farnir að spá í að gera það. Öll aðstaða er til fyrirmyndar.

Fyrir þá sem vilja komast í þjóðhátíðarskap er vist hægt að kaupa íslenska fána í Scanshop.

Í þessu blaði:

17. Júní hátíð FÍL	1
Guðsþjónusta og hlöðuveisla	1
Molar	2
Vinur í grennd	2
Íslendingaskólinn	3
Frá ritstýru	3
Auglýsingar,	4

Guðsþjónusta og hlöðuveisla til fyrirmyndar

Guðsþjónusta var haldin 19.maí. Þar var skirt og fermt. Messað var í Centre Convict að þessu sinni.

Tveir kórar voru hér í heimsókn einn frá Ungverja landi og kórinn frá Englandi sem kom með séra Jóni A. Baldvínssyni.

Skirður var Emile Þór Jeanne sonur Patrick Jeanne og Hrafnhildar Mary Eyjóldóttur. Fermingarbornin voru: Guðrún Lúðvíksdóttir, Axel Lúðvíksson og Auður Rakel Georgsdóttir.

Þetta var einstaklega hátíðleg athöfn og kirkjan var þétt setin. Í beinu framhaldi var svo hlöðuveisla í tilefni af 30 ára afmæli Íslendingafélagsins í Lúxembúrg, efndu FÍL í samstarfi við kirkjunefnd til

hlöðuveislunar í Schwebsange í sól og blíðu þrátt fyrir miklar svartsýnisspár.

Veislan hófst kl. 17:00 með grilluðum þýskum pylsum, kótilettum, gúlassúpu og rauðvíni frá Ungverjalandi, lúxembúrgisku hvítvíni og belgísku gosi.

Rétt eftir opnum hússins tók ungverski kórinn undir stjórn Ferenc Utassi (sem er okkur af mörgu góðu þekktur) nokkur lög meðan salurinn fylltist hægt og rólega af fólki sem dreifðist ýmist á borð, í hoppukastala, á barinn eða í blíðuna fyrir utan hlöðuna.

Rétt upp úr kl. 19:00 var komið að hápunkti kvöldins er gestir okkar frá Englandi tóku lagið. Þau sungu ýmist einsöng, dúett eða hópsöng, afar fögur lög eftir

heimsþekkta lagahöfunda sem og íslenska.


Að lokum tók svo lúxembúrgisk hljómsveit "Indian Summer" lagið og spilaði af miklum krafti fram að lokum veislunnar.

Stjórn FÍL og kirkjunefnd vill koma á framfæri þökkum til allra íslensku hjálparenglanna sem aðstoðuðu við undirbúning, sölu og þrif. Einnig ungverska kórnum og auðvitað vinum okkar frá Englandi fyrir frábæran og einstakan lagaflutning.

Ekki tókst að fá uppskriftina að gúlassúpunni fyrir birtingu þessa blaðs en munum reyna að fá hana fyrir næsta blað.

Á döfinni:

- Þjóðhátíðin verður 15. júní á Camping í Godbrange
- Morgunkaffi Spuna verður í Scanshop 2. júlí kl. 10:00.



Íslenskir fána í Scanshop

Upplagt að tjalda á þjóðhátíðinni

Næg bilastæði að þjóðhátíðinni



VINUR Í GRENND

*Í grenndinni veit ég um vin, sem ég á,
í viðáttu stórborgarinnar.
En dagarnir æða mér óðfluga frá
og árin án vitundar minnar.*

*Of yfir til vinarins aldrei ég fer
enda í kappi við tímann.
Sjálfsagt þó veit hann ég vinur hans er,
því viðtöl við áttum í símann.*

*En yngri vorum við vinirnir þá,
af vinnunni þreyttir nú erum.
Hégómans takmarki hugðumst við ná
og hóflausan lífróður rérum.*

*"Ég hringi á morgun", ég hugsaði þá,
"svo hug minn fái hann skilið",
en morgundagurinn endaði á
að ennþá jókst mill okkar bilið.*

*Dapurleg skilaboð dag einn ég fékk,
að dáinn sé vinurinn kær.
Ég óskaði þess, er að gróf hans ég gekk,
að í grenndinni ennþá hann væri.*

*Sjálfur, ef vin þú átt góðan í grennd
gleymd ekki, hvað sem á dynur,
að albesta sending af himnunum send
er sannur og einlægur vinur.*

Molar

Í Bettembourg er skemmtigarðurinn 'Parc Merveilleux', sem sjálfsagt margir kannast við. Garðurinn var opnaður 1956, en 1997 tóku við rekstri hans foreldrasamtök geðsjúkra barna, og í dag vinna um 40 fatlaðir við garðinn.

Garðurinn er mjög skemmtilegur fyrir börn og er margt að sjá, allskonar sjaldgæf dýr eins og krókódila, slöngur, skordýr, fugla og framandi fiska. Í ár hefur verið bætt við fleiri stöðum með hitabeltisloftslagi og gróðri og dýralífi í samræmi við það.

Góðir göngustígar leiða þig um garðinn og á vegi þínum verða ýmsir ævintýrastaðir þar sem börn geta séð leikin ævintýri. Góður leikvöllur er í garðinum svo og veitingahús.

Garðurinn liggur við Route de Mondorf í Bettembourg og er opinn frá 23. mars til 13. október milli kl. 9.30 og 18.00 alla daga.

Þann 8. júní sl. var opnuð með mikilli viðhöfn íþrótta- og menningarmiðstöðin 'Le Coque' í Kirchberg. Le Coque er viðbygging við ólympisku sundlaugina, sem um þessar mundir er 20 ára.

Það var franskir arkitektinn, Roger Taillibert, sem teiknaði sundlaugina og uppkast að íþrótta- og menningarmiðstöðinni sem nú hefur verið reist. Vegna peningaleysis var einungis ráðist í byggingu sundlaugarinnar á sínum tíma.

Á sögusafni Lúxembúrgar – **Musee d'histoire de la ville** - stendur yfir sýning sem ber titilinn Lúxembúrg í síðari heimstyrjöldinni, tíu spurningar er varða Lúxembúrg og síðari heimstyrjöldina. Safnið er á 14, rue du Saint-Esprit og opnunartími er alla daga nema mánudaga milli kl. 10:00 – 18:00 og fimmtudaga frá 10:00 – 20:00.

Í ár eru 200 ár frá fæðingu franska rithöfundarins **Victor Hugo**. Af því tilefni opnaði Victor Hugo safnið í Vianden þann 11. maí sl. eftir miklar endurbætur. Safnið var upprunalega opnað 1935 og er í húsinu sem Victor Hugo dvaldi í þegar hann var í Lúxembúrg. Á safninu gefst gott tækifæri til að fá innsýn í hin ýmsu verk Victor Hugo með hjálp nys tölvukerfis.

Menningarnótt í Reykjavík er 17. ágúst nk.. Þann sama dag fer einnig fram **Reykjavíkur maraþon** fyrir þá sem eru fljótir að hlaupa.

Centre de Langues Luxembourg er málaskóli fyrir fullorðna og rekinn af ríkinu. Þeir bjóða upp á frönsku, þýsku, lúxembúrgísku ofl. Þar sem þetta er ódýr málaskóli eru námskeiðin fljót að fyllast og byrjar skráning fyrir haustið núna í júní. Þeir eru með heimasíðuna, www.cll.lu (er á frönsku), sími 26 44 30-1.

Helgina 15.—16. júní er haldin **listamannahátíð í Bourglinster**. Þarna koma um 70 listamenn saman til að sýna og selja verk sín. Opnið er frá 14:00 á laugardeginum og frá 11:00 á sunnudeginum.

Mannfjöldinn í Lúxembúrg er í dag 445.000 og skráðir bílar eru 386.273. Ekki svo slæmt.

Hjá **Ticket service** er hægt að fá upplýsingar um alla stærri pop hljótleika í Lúxembúrg í síma 40 30 25.

23. júní er **þjóðhátíðardagur Lúxembúrgar**. Hann er haldinn hátíðlegur að kvöldi 22. júní með stórrí flugeldasýningu í bænum. Sýningin byrjar um 23:00. Ekki missa af þessu.



Pessir rugludallar

Í staðinn fyrir uppskrift í þessu blaði ætla ég að láta fylgja einn brandara fyrir sumarið. Munið þetta þegar þið stoppið í Staðarskála.

Ég var að fara norður á Akureyri um daginn, en þegar ég kom í Hrútafjörðinn varð ég að stoppa í Staðarskála og fara á klóíð. Ég fór á básinn og setti mig í stellingar á setunni. Alveg um það leyti sem aðgerð var hefjast heyrir ég sagt í básnum við hliðina: "Hæ hvernig gengur?"

Ég er nú ekki þessi týpa að hefja samræður við ókunnuga á klósetti í veitingahúsi um það leyti sem ég er að hefja rembinginn. En ég vissi ekki

hvernig ég átti að taka þessu svo ég svaraði, "Nú svo sem ekki illa".

Þá heyrir úr hinum básnum "Jæja, hvað ertu að stússast?" Var einhver að tala um bjánalegar spurningar? Mér var farið að finnast þetta dálítið þreytandi, en ég svaraði "Ég er á leiðinni norður en varð að skreppa á klóíð".

Þá heyrir ég: "Heyrðu, ég verð að hringja í þig seinna. Í hvert skipti sem ég reyni að tala við þig svarar einhver rugludallur hér við hliðina á mér!"

Hahahahaha...

Öxar við ána

*Öxar við ána
Árdags í ljóma
Upp risi þjóðlið og skipist í sveit
Skjötum upp fana,
Skært lúðrar hljóma,
Skundum á þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að vikja.
Fram, fram, bæði menn og þjóð.
Tengjumst tryggðarböndum
Tökum saman höndum.
Stríðum, vinum vorri þjóð.*

Þetta lag munu börnin í Íslendingaskólanum syngja á þjóðhátíðinni.

Íslendingaskólinn

Ég undirrituð tók við kennslu í Íslendingaskólanum nú eftir páska, þar sem Lilja kennari flutti til Íslands. Ég ákvað að halda sama fyrirkomulagi á kennslunni a.m.k. út þennan vetur.

Því var áfram kennt á þriðjudögum kl. 13-15 og á sama stað í Godbrange. Nemendum er skipt í 2 aldurshópa, yngri hóp sem samanstendur af nemendum 5-8 ára og eldri hóp, með nemendum 9-12 ára. Í yngri hópnum voru 12-15 nemendur

en í þeim eldri 8-10 nemendur. Hóparnir mæta til skiptis á þriðjudögum og hvor aldurshópur fékk 6 skipti í kennslu í vetur. Helga Hrönn var til aðstoðar í þessum tímum.

Varðandi kennsluna næsta vetur þá held ég að best sé að halda sig við annað hvort þriðjudaga eða fimmtudaga, en vel getur verið að betra sé að byrja tímana kl. 13:15 eða 13:30. Auk þess held ég að það sé betra að byrja fyrr að vetrinum, jafnvel í

október, taka fyrri hlutann af kennslunni fyrir júl og vera búin með seinni hlutann fyrir páska, þegar veðrið er væntanlega orðið gott og allir vilja vera úti og leika sér.

Þessir tímar sem ég hef kennt hafa verið skemmtilegir og nemendur sérstaklega áhugasamir í báðum aldurshópum. Vonandi sé ég sem flesta í Íslendingaskólanum næsta vetur.

Kær kveðja
Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir

*Sérstakar þakkir fær
Linda Ragnarsdóttir
fyrir yfirlestur og
glöggar ábendingar!*

*Einnig veiðiklúbburinn
sem er svo elskulegur
að hjálpa til við að
brjóta blaðið og setja í
umslög!!*

Frá ritstýru

Þar sem þetta er síðasta bréf fyrir sumarfrí langar mig að bjóða fólki gleðilegt sumar (þó það sé nú löngu komið) og vona að allir hafi það gott í sumarfríinu sínu.

Enn og aftur vil ég þakka lesendum jákvæðar undirtektir, þrátt fyrir prentvillupúkann sem komst í síðasta bréf (Linda las nefnilega bréfið ekki yfir fyrir mig) og þakka þeim sem hafa sent inn efni í bréfið og vona

bara að fleiri geri það. Það er alltaf gott að fá efni frá öðrum, ég tala nú ekki um ef þið hafið farið í einhverja skemmtilega garða, sundlaugar og svo framvegis.

Næst kemur blaðið út 16. september, síðan 16. október, 16. nóvember og svo 9. desember.

Til þeirra sem senda mér efni í bréfið. Efni skal skila inn minnst

viku fyrir útgáfu og sendast til ritstýru blaðsins, Matthildar Kristjánsdóttur á matthildur@reynisson.com.

Ritstjórn vill biðja um að innsent efni sé sent á tölvutæku sniði, Word er hentugast en nánast allt annað gengur.

Ritstýra





Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
179 rue Cents
L-1319 LUXEMBOURG

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
matthildur@reynisson.com
Sími +352 787 077-1
Fax +352 787 077-31

BGL: 30-037917-24
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl.

BRÚIN

Erum ennþá að
leita að vefsíðunni
okkar!

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2001-2002

Hafþór Þórarinnsson, formaður, 2634 0501
Jóhanna Jakobsdóttir, ritari, heimflutt
Jónína Sigurðardóttir, gjaldkeri
Bjargey Elíasdóttir, meðstjórnandi
Kári Guðbjörnsson, meðstjórnandi
Ragnhildur Eyjólfsdóttir, varamaður

Stjórn Kirkjunefndar 2001-2002

Eyjólfur Hauksson, formaður, sími 768 545
María Huesmann
Sólveig Loftsson
Agnar Sigurvinnson
Sigurður Kristinsson

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, sími 787 077-1
Bryndis Kristjánsdóttir, ritari
Guðrún Kristjánsdóttir, gjaldkeri

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarsdóttir, formaður, 355 443
Bergdís Kristinsdóttir, gjaldkeri

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, kennari, sími 2674 7298

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Eindagi félagsgjalda var 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGLL númer 30-037917-24.

Vinsamlegast setjið nafn greiðanda og greiðsluár sem tilvísun (communication). Félagsgjöld eru € 40,- á mann eða € 80,- á hjón eða á fjölskyldu.

Litlu dálkarnir

Til sölu

Bókin okkar

Landnám Íslendinga í
Luxembourg

Ómissandi uppflettirit með
gagnlegum upplýsingum um
menn og málefni.

Fróðlegt lesefni.

Fjöldi mynda.

Átt þú þessa bók?

Fæst hjá Maju Huesmann sími
358 556, Tobbu sími 768 013,
Írisi sími 780 510

Íslenskur söguatlas

Til sölu er íslenskur söguatlas í
3 bindum, verð aðeins €185,-.
Einstakt verk þar sem saga
Íslands frá landnámi til nútíma
er sögð á lifandi og
skemmtilegan hátt. Hægt er að
skipta greiðslunum í tvo eða
þrjá hluta. Laufey
Armannsdóttir sími 356 593.

Tapað—fundið

Gul sitrónuþessa varð eftir á
barnum á þorablótinu.
Eigandinn er beðin að hafa
samband við Bryndísi og Jóa í
síma 34 18 82.

Óskast

Herbergi óskast til leigu í
sumar, frá byrjun júlí til lok
ágúst fyrir unga mann. Þarf að
hafa aðgang að baðherbergi.
Hringið í Björgu í síma 787 312
eða 091 654 617.

Símaskrá

Nýtt og breytt:

Björn Finnbjörnsson
Fax: 788 836

Eimskip, Rotterdam
Sími: +31 18 06 44 144

Ari Björnsson
119 Alte Landstrasse
CH-8803 Rüslikon
Suisse
Sími: +41 17 24 49 45
Gsm: +41 79 26 10 029

Finnbjörn Björnsson
Monique Duyker
65 rue de Leudelange
L-8079 Bertrange
Sími: 311 846
Gsm: 091 960 100

Roland Frising, aðalræðismaður
Íslands í Luxembourg
3, bd. Roosevelt
L-2951 Luxembourg
Sími: 4242 4018
Fax: 4242 3339
Netfang:
roland.frising@meespierson.lu
Sími, neyðartilfelli helgar/
helgidaga: 770 782

Leiðréttingar

Texti féll niður á bls. 2 í pist-
linum um Tolla, neðst á
blaðsíðunni vantaði "nokkur vel
valin lög við góðar undirtektir"

Bls. 3. Grillmenning: undir lið 1,
"Konan"

Linda, yfirlesari, las ekki yfir
blaðið síðast.



NETFANGINN BENDIR Á:

Langar þig/ykkur á
matargerðarnámskeið í
sumarfríinu?

Hér eru nokkrar vefsíður:
www.taste-of-europe.com,
www.culinarytours.net og
www.vallicorte.com. Einnig er
hægt að kaupa bók (The Guide
to Cooking Schools) á
www.shawguides.com

Stjórnarráð Íslands er með
vefsíðu www.utn.stjr.is

Allt um börnin, matarræði,
vandamál ofl. www.born.is

Föndur. www.fondra.is

Mogginn: www.mbl.is